

4. Hvort greiða beri umræddan skatt af allskonar sælgæti, sem selt er í búð- 87
inni og ýmist er neytt inni í henni eða utan hennar. 13. júní

Út af þessu hefir ráðuneytið tekið fram eftirfarandi:

Við 1. Ráðuneytið litur svo á, að allt það brauð og allar þær kökur, sem seldar eru til neyzlu í brauð- og mjólkurbúðum, sé skattskyldt samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 1. gr. laga nr. 99 1933, um veitingaskatt, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 64 1933, um veitingaskatt o. fl.

Við 2. Þá verður ráðuneytið að telja, að allt öl, sem selt er í umræddum búðum til neyzlu á staðnum, sé veitingaskattsskyldt samkvæmt 1. mgr. 1. gr. fyrrnefndra laga nr. 99 1933, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 21 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl. Það skiptir engu máli hvort ölið er eigin framleiðsla eða annara framleiðsla. Ekki skiptir heldur máli, þó að veitingasali greiði innlent tollvörugjald af ölinu.

Við 3. Ráðuneytið telur, að ef mjólk þessi er seld með meira álagi en 25% frá almennu söluverði á viðkomandi stað sé hún skattskyld eftir ákvæðum 2. mgr. 1. gr. veitingaskattslaganna, sbr. 1. gr. veitingaskattsreglugerðarinnar.

Við 4. Það er ljóst eftir veitingaskattslögunum, að sælgæti, sem selt er út úr búðum, er veitingaskattfrjálst. Hins vegar verður að teljast, að sælgæti, sem í brauð- og mjólkurbúðum er selt til neyzlu á staðnum, sé veitingaskattsskyldt eftir veitingaskattslögunum.

Fjármálaráðuneytið, 13. júní 1939.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Sigr. Klemenzson.

REIKNINGUR

88

yfir tekjur og gjöld Fiskimannasjóðs Kjalarnesþings 1937.

Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári:			
a. Veðskuldabréf	kr.	31667.02	
b. Bankavaxtabréf	—	7600.00	
c. Sparisjóðsinnstæða	—	16640.42	
			kr. 55907.44
2. Vextir:			
a. Af veðskuldabréfum	kr.	1372.79	
b. — bankavaxtabréfum	—	342.00	
c. — sparsjóðsinnstæðu	—	766.08	
			— 2480.87
			Kr. 58388.31

Gjöld:

1. Styrkur til ekkna sjómanna	kr.	2500.00	
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Veðskuldabréf	kr.	42500.00	
b. Bankavaxtabréf	—	7100.00	
c. Sparisjóðsinnstæða	—	6288.31	
			— 55888.31
			Kr. 58388.31

Tollstjórinn í Reykjavík, 18. febrúar 1938.

Jón Hermannsson.